

Sæl Þórdís Stella 1. Ljósleið

Málsnúmer : 202306141

Málsaðili : Vegagerðin

Staða : Svarað

Skráð dags : 3.10.2023 14:35:36

Höfundur : Helga Aðalgeirsdóttir

Sæl Þórdís Stella 1. Ljósleiðari frá Mílu sem sést á teikningu 3 fylgir gömlu veglínunni. Við gerð deiliskipulagsins sem er í gildi óskaði Vatnajökulspjóðgarður eftir því að nýr Hringvegur myndi liggja sunnan við gamla veginn og Vegagerðin varð við þeirri ósk og sú veglína er kynnt í kynningarskýrslunni. Vatnajökulspjóðgarður hefur skipt um skoðun og vill nú að við skoðum það að leggja nýjan Hringveg í vegarstæði gamla vegarins þar sem hann skerst niður í landið, þar sem eru gamlir bakkar árfarvegarins. Mynd af gamla veginum og mörk gömlu farveganna má sjá í skýrslu Náttúrustofu Suðausturlands, mynd 3. Vegagerðin er tilbúin til samstarfs við Vatnajökulspjóðgarð um að finna bestu leiðina, þannig að framkvæmdin raski landslagi og jarðmyndunum sem minnst. Sú vinna verður í tengslum við breytingu á deiliskipulagi svæðisins. 2. Það má greina gamla veginn á mynd 2 í skýrslu Náttúrustofu Suðausturlands, aðeins norðan við gulu línuna. Líklegt er að gula veglínan verði nýtt að ca stöð 3500 en sveigi þaðan til norðurs í átt að eldri veginum. Mesta varpið er í kringum stöð 4000 á þeirri veglínu sem kynnt er í skýrslunni en þar er ekkert varp á gamla veginum. Færsla á veglínunni hefur ekki verið skoðuð af Vegagerðinni, því beðið er eftir að vinna við deiliskipulag svæðisins hefjist. Miðað við viðbrögð Vatnajökulspjóðgarðs er líklegt að Hringvegurinn verði færður að gamla veginum þar sem hann skerst í mörk gömlu farveganna. Vegagerðin mun hafa samráð við Náttúrustofu Suðausturlands um

Sæl Helga, Takk fyrir svárið. Skipulagsstofnun hefur ákveðið að veita Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Vatnajökulspjóðgarði tækifæri á því að senda inn viðbótarumsögn varðandi framkvæmdina vegna skýrslunnar frá Náttúrustofu Suðausturlands um vástafuglategundir og þeirra viðbóta